

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 191 (31.8.2026) - Tilraunaborun eftir heitu vatni á Borgarfirði 2026

Málsnúmer	: 202608030
Málsaðili	: HEF veitur ehf.
Niðurstaða (stutt)	:
Fundardagur	: 31.08.2026
Inngangur	: Í upphafi máls vakti Glúmur Björnsson (V-lista), máls á mögulegu vanhæfi sínu og færði rök fyrir því. Formaður bar tillöguna upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða. GB vék af fundi við umfjöllun og afgreiðslu málsins. Fyrir liggja upplýsingar um tilraunaboranir HEF veitna á Borgarfirði, en verkefnið hefur fengið styrk úr Orkusjóði. Stefnt er að því að bora 4-5 borholur í dreifbýli og eina við Sparkhöllina. Verkið kallar ekki á gerð borplana eða vegslóða.
Niðurstaða	: Eftirfarandi tillaga lögð fram: Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar tilraunaboranir. Lögð er áhersla á að framkvæmdaraðili upplýsi íbúa í þéttbýlinu og Heilbrigðiseftirlit Austurlands um fyrirkomulag framkvæmda, með hliðsjón af reglugerð 724/2008 um hávaða. Vísað til kynningar hjá heimastjórn Borgarfjarðar. Samþykkt samhljóða.